

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Reitur II við Holtateig á Eyrarlandsholti.

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti 19. október 1999 í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga deiliskipulag á reit II við Holtateig á Eyrarlandsholti. Deiliskipulags- svæðið afmarkast af Holtateigi að vestan og Mýrarvegi að austan og norðan. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reitur III við Melateig á Eyrarlandsholti.

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti 7. september 1999 í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga deiliskipulag á reit III við Melateig á Eyrarlandsholti. Deiliskipulags- svæðið afmarkast af Mýrarvegi að vestan, Hringteigi að norðvestan og Miðteigi að sunnan. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 21. febrúar 2000.

F.h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri Akureyrar.

15. febrúar 2000

Nr. 142

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson. Ingibjörg var fædd að Laugabökkum í Ölfusi 2. júní 1901 og lést 29. nóvember 1997 í Vacaville í Kaliforníu. Stofnandi sjóðsins er Krabbameinsfélag Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir á krabbameinum.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er „eitthundrað og sextíu þúsund bandaríkjadalir“ eða jafnvirði „ellefu milljóna og fimmhundrað þúsund íslenskra króna“ sem Ingibjörg ánafnaði Krabbameinsfélagi Íslands í arfleðsluskrá dagsettri 21. ágúst 1990.

5. gr.

Sjóðurinn hefur aðgreindan fjárhag sem er í vörslu Krabbameinsfélags Íslands, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af lög- giltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir tilnefndir af framkvæmdastjórn Krabbameinsfélags Íslands, og einn af fjölskyldu Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson. Tilnefningar skulu gilda í eitt ár í senn, í fyrsta skipti frá 1. janúar 2000.

7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Erfðafé samkvæmt arfleiðsluskrá Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson.
- b) Vextir af stofnfé.
- c) Verðbætur af stofnfé.
- d) Fé sem sérstaklega er gefið eða veitt til sjóðsins og samræmist tilgangi hans.
- e) Aðrar tekjur en þær sem að framan greinir.

8. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast og má aldrei skerða það. Til styrkveitinga úr sjóðnum má aðeins verja tekjum samkvæmt 7. grein hér að framan, liðum b, d og e. Verði afgangur af tekjum ársins má ráðstafa honum á næstu tveimur árum, en annars leggst hann við stofnfé sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna á krabbameinum. Stjórn sjóðsins fjallar um styrkumsóknir og veitir styrki úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans. Ennfremur má veita styrki úr sjóðnum til tækjakaupa.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna óskiptar til Krabbameinsfélags Íslands.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur samþykkt hana.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. febrúar 2000.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.